

L Ö G

um

búfjártryggingar.

28
7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga.

1. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfjelögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna og fyrirkomulag fer eftir lögum þessum og nánari ákvörðun reglugerðar.

Yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, hefir atvinnu- málaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining, er rísa kann út af lögum þessum, nema um dómsmál sjá að ræða.

2. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $\frac{4}{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátrygðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fódurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að álitu virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða- og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hjer segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu, fyr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafist þess,

28 að váttrygðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heim-
7. maí ilt, að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema
stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkent þann, er bólusetur. Váttryg-
ging á kynbótahestum nær til slysa af vönun, þó því aðeins, að dýralækn-
ir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkent, vani.

4. gr.

Váttryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem
taldir eru í 1. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að stofna
váttryggingarsjóð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Takast má váttryggingarsjóður á hendur almenna váttryggingu
hrossa í þeim sveitar- og bæjarfjelögum, þar sem fóðurtrygging er í
góðu lagi að álitu Búnaðarfjelags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráð-
herra um þetta í hverju einstöku tilfalli.

6. gr.

Hvergi má váttryggja annarsstaðar þann $\frac{1}{3}$ hluta af virðingar-
verði váttrygðra gripa, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrjett eiga í sveitarmál-
um, og eigendur váttryggingarskyldra gripa í bæjarfjelögum og kauptún-
um, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi stofnað vá-
tryggingarsjóð samkvæmt lögum þessum.

Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppi, eða
búfjáreigenda í bæjarfjelagi eða kauptúni, sem er sjerstakur hreppur,
ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrjett, án tillits til
gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafjelaga sjálfstæðan atkvæðisrjett
fyrir kynbótagripi fjelaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öll-
um húsráðendum og formönnum kynbótafjelaga með skriflegu fundar-
boði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kaup-
túnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigend-
um váttryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á
fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbrjefi, og
með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðum, um hver mál
atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að stofna váttryggingarsjóð,
eftir því sem fyr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust
tilkynna það atvinnumálaráðherra, en hann gerir svo fljótt sem verða

má allar þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að sjóðurinn geti tekið til starfa.

28
7. maí

8. gr.

Sveitasjóður í hreppum, en bæjarsjóður í bæjarfjelögum ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á váttryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef váttryggingarsjóður hrekkur ekki til. En váttryggingarsjóður endurgreiðir slík lán, svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum, en í bæjum bæjarstjórn, hefir með höndum alla stjórn og umsjón váttryggingarsjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrjett og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á, að iðgjöldin komist í váttryggingarsjóð á rjettum gjalddaga.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur sem um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skal skila reikningnum á þeim tíma, sem reglugerð ákveður.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sjer stjórn og umsjón váttryggingarsjóðs, eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, og er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfjelagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnumálaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rjett og skyldur gagnvart sjóðnum sem sveitar- eða bæjarstjórn.

10. gr.

Nú er váttryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til váttryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji váttryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og váttrygt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og váttryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

28

7. maí

11. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sjerstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

12. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum váttrygðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er váttryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigu-gripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í fjelagi, er gripina á eða hefir á leigu.

13. gr.

Nú eru gripir, sem váttrygðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrjetturinn einnig til váttryggingafjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rjetti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

14. gr.

Iðgjöld til váttryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 15. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær bestu upplýsingar um vanhöld, sem ráðherra getur aflað sjer á annan hátt. Heimilt er ráðherra jafnan að breyta iðgjöldum, þegar honum þykir ástæða til, svo að þau sjeu í sem bestu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal hann breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

15. gr.

Til leiðbeiningar um rjettlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum skal atvinnumálaráðherra leggja fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem ráðherrann ákveður. Skal skýrslum þessum fyrst safnað árið 1928, og upp frá því svo lengi sem þurfa þykir, og eigi skemur en í 5 ár.

II. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

16. gr.

Árið 1929 skal stofna sjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands, með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 15 þúsund krónum árlega í 20

ár samfleytt. Hlutverk sjóðsins er að endurbyggja váttryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum. 28
7. maí

17. gr.

Í Búfjártryggingarsjóði Íslands skulu allir váttryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, endurbyggja fyrir skaða, sem verður á váttrygðum gripum, umfram áætluð venjuleg vanhöld, og skylt er að bæta, enda greiði váttryggingarsjóðirnir $\frac{1}{5}$ hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

Atvinnumálaráðherra ákveður, hvað teljast skuli venjuleg vanhöld, sbr. 14. og 15. gr. Hann ákveður og í reglugerð gjalddaga endurtryggingariðgjalda og um greiðslu skaðabóta úr Búfjártryggingarsjóði, svo og um önnur viðskifti hans við váttryggingarsjóðina.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fje hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

Búfjártryggingarsjóður Íslands skal árlega leggja 5—10% af endurtryggingargjaldi hvers váttryggingarsjóðs sveitar- og bæjarfjelaga — undir nafni hans sem vaxtaeiganda — inn í aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en hálfir vextir greiðist Búfjártryggingarsjóði Íslands upp í aukagjöld hvers váttryggingarsjóðs, samkv. 19. gr., þegar ekki verður hjá þeim komist, en ella leggist allir vextir við höfuðstól.

19. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á váttrygðum gripum, sem endurtrygðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla váttryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga aukagjöld, í rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

20. gr.

Nú eru atvinnumálaráðherra færðar líkur fyrir því, að of há sje váttryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri váttryggingarfjelögum, sem stofnað eru samkvæmt lögum þessum, og er honum þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu í þeim fjelögum. Lækki þá virðing til

- 28 jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi vá-
7. maí tryggingarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjár-
tryggingarsjóði Íslands.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um nánari fyrirkomulag á tryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfelaga og á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátrygðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera $\frac{1}{5}$ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 14., 15., 17. og 19. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfelögum á landinu.

22. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalds, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðherra prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur ráðherra prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóðina og Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhalds skýrslur lögreglustjóranna.

23. gr.

Gerðabækur og vátryggingarbækur fyrir vátryggingarsjóði og Búfjártryggingarsjóð Íslands lætur ráðherrann tilbúa, og fá vátryggingarsjóðirnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, alt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

24. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

25. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum laga þessara og

reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, er brotið er við. 28
7. maí

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

um

29
7. maí

viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir „bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar“ í lagagreininni skal koma: og ennfremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.